

11. maí 2015



UMHVERFISSTOFNUN

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík 8. maí 2015
UST201504-172/B.S.

Efni: Nýtingarleyfi á vatni og sjó – Þorlákshöfn. Umsögn


Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 27. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um framkomna umsókn Eldisstöðvarinnar Íspórs ehf. um nýtingarleyfi á vatni og sjó í landi Sveitarfélagsins Ölfus.


Íspór ehf. hefur stundað fiskeldi við Þorlákshöfn um árabíl. Vegna aukinna umsvifa sækir fyrirtækið um nýtingarleyfi á allt að 350 l/sek af fersku vatni og allt að 3000 l/sek af sjó á athafnasvæði Íspórs að Nesbraut 25, Þorlákshöfn.

Vatnstakan fer fram sem næst á sjávarkambi og telur Umhverfisstofnun ólíklegt að vatnstaka í þessu magni og á þessum stað hafi áhrif á ástand grunnvatns í næsta nágrenni í ljósi þess að mikið af fersku vatni streymir til sjávar á þessu svæði.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda umsókn.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 4. maí 2015
UST201504-095/B.S.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Aukin framleiðsla á regnbogasilungi eða laxi um 2.000 tonn í Dýrafirði. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 14. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Sama framkvæmd var til umfjöllunar í byrjun árs 2013 en Dýrfiskur óskaði þá eftir því að málsmeðferð yrði frestað þar til niðurstöður frekari rannsókna á eðlisþáttum sjávar í Dýrafirði lögju fyrir.


Um er að ræða aukna framleiðslu á regnbogasilungi eða laxi um 2.000 tonn þannig að framleiðsla Dýrfisks verður 4.000 tonn. Annað eldi í Dýrafirði er 200 tonna eldisleyfi á þorski/silungi/laxi. Stefnt er að eldi á umhverfsvottuðum eldisfiski. „Framleiðsla á umhverfsvottuðum eldisfiski krefst þess að eldið verði vistvænt og sjálfbært.“


Hafrannsóknarstofnun hefur metið burðarþol Dýrafjarðar m.t.t. sjókvíaeldis. Niðurstaða stofnunarinnar er eftirfarandi: „Með tilliti til stærðar fjarðarins og varúðarnálgun varðandi raunveruleg áhrif eldisins á einkum botndýralíf telur Hafrannsóknarstofnun að með þessu mati á burðarþoli sé hægt að leyfa allt að 10.000 tonna eldi í Dýrafirði á ári. Í þessu mati er gert ráð fyrir að heildarlífsmassi verði aldrei meiri en 10.000 tonn og að vöktun á áhrifum eldisins fari fram. Slík vöktun yrði forsenda fyrir hugsanlegu endurmati á burðarþoli fjarðarins, til hækkunar eða lækkunar, sem byggt yrði á raungögnum.“

Um vöktun Dýrfisks segir m.a.: „Fylgst verður vel með áhrifum með umhverfsvöktun og kvíðþyrpingar færðar til ef tilefni telst til. Dýrfiskur er þegar með þjónustusamning við NAVE fyrir umhverfsvöktun og því verður haldið áfram.“

Eins og fram kemur í gögnum Dýrfisks og mati Hafrannsóknastofnunar er talið að Dýrfjörður henti vel til fiskeldis vegna blöndunar sjávars og súrefnismettunar. Ef heildarlífsmassi verði aldrei meiri en 10.000 tonn og með vöktun verði unnt að sannreyna mat á burðarþoli telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd stækkun eldis Dýrfisks í Dýrafirði muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri